



	Hafnarfjarðarbær
Innk:	14/10 2015
Málsnr:	1510229
Bréfál:	350

Hafnarfjarðarbær
Haraldur L. Haraldsson
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Akureyri, 13.10.2015
1510023 IE

Efni: Beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu sveitarfélög setja sér jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Jafnréttisáætlanirnar skulu lagðar fram til samþykktar í sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Í jafnréttisáætlun sveitarfélags skal m.a koma fram hvernig skuli unnið að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leirétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Um sveitarfélög sem atvinnurekendur gildir einnig 2. mgr. 18. gr. laganna en þar er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Sérstaklega skal þar kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsfólki þau réttindi sem kveðið er á um í 19. – 22. gr. jafnréttislaga.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að lögum nr. 10/2008 sé framfylgt, sbr. a. lið 3. mgr. 4. gr. laganna. Jafnréttisstofa óskar hér með eftir því að fá afhenta jafnréttisáætlun sveitarfélagsins, ásamt framkvæmdaáætlun.

Umbeðnar upplýsingar og gögn óskast send á netfangið ingibjorg@jafnretti.is fyrir **6. nóvember 2015**.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur